

Fundargerð 5. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 8. ágúst kl. 17:30 var haldinn 5. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir. Hansína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, sat einnig fundinn.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

- Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum: Auður Sif Sigurgeirsdóttir í Saluki. Stjórn samþykkti réttindin og óskar Auði Sif til hamingju.

2. Kæra vegna framkvæmdar á æfingu í hlýðni prófi

- Farið var yfir vitnisburð og ákveðið að niðurstaða prófsins verði ógild.

3. Dómarareglur fyrir hlýðni/rallý hlýðni/spor

- Frestað til 5. september nk.

4. Deildarsýningar

- Umsókn um deildarsýningu barst frá Tibetan spaniel og Chihuahua deildum, stjórn sendi umsókn áfram til sýningarstjórnar til umsagnar sem skilaði sínu álit. Stjórn hafnar umsókninni á þeim grundvelli að umsókn barst með of stuttum fyrirvara.

5. Starfsemi deilda félagsins

- Rætt um þörf á að endurskoða reglur um Starfsemi ræktunardeilda – Erna og Guðbjörg byrja þá vinnu.
- Rætt um að breyta fresti til að sækja um deildarsýningar úr 6 mánuðum í 4.
- Stjórn sendir fyrirspurn á smáhundadeild og óskar eftir frekari upplýsingum um hvolpasýningu í október vegna áhyggja af því að auglýsing geti valdið misskilning hjá félagsmönnum.

6. Gjaldskrá salarins að Melabraut

- Útfærsla á gjaldskrá Melabrautar rædd.

7. Sólheimakot

- Stjórn ræddi og samþykkti að rukka þær deildir félagsins um afnot af rafmagni fyrir þær frystikistur sem eru í kotinu. Unnið verður að útfærslu.
- Rætt var um hvernig aðgangsstýring að kotinu væri heppileg.

8. Skráning gota frá þriðja aðila

- Afla upplýsinga frá NKU löndunum, hvernig fyrirkomulagið er hjá þeim varðandi aðila sem eru útilokaðir frá félaginu.

9. Franskur bulldog

- Umræðu frestað fram í september eftir að rætt hefur verið við dýralækni.

10. Staðan á BOAS

- Erna upplýsir stjórn um samskipti við dýralæknana sem fóru út á ráðstefnu í Noregi. Stefnt er að fundi með þeim fljótlega varðandi ráðstefnuna og áframhaldið við innleiðingu BOAS prófs.

11. Fulltrúaráðsfundur

- Bréf barst frá stjórnnum nokkurra deilda innan félagsins þar sem stjórn var hvött til að boða til fulltrúaráðsfundar.
- Ákveðið að halda fulltrúaráðsfund 20. september n.k.
- Skrifstofa sendir út fundarboð og óskar eftir umræðuefnum frá deildum fyrir fundinn.

12. Önnur mál

- FCI fundur í Genf á næstunni – Erna upplýsir stjórnarmenn um dagskrá fundarins, Erna og Herdís sækja fundinn fyrir hönd HRFÍ.
- Eignaréttur á merki HRFÍ - frestað til næsta fundar.
- Upplýsingaflæði frá skrifstofu og stjórn til félagsmanna rætt – stjórn er sammála að hægt er að gera betur.
- Ræddar breytingar á kerfinu sem snúa að því að fólk geti aðeins skráð hunda sem eru skráðir á sitt nafn til að koma í veg fyrir að hægt sé að sjá hvaða hundar eru skráðir á sýningar.
- Shopify – Erna upplýsir um stöðuna á vefverslun fyrir félagið, vinnan er langt á veg komin og ætti að komast í loftið á næstunni.
- Rætt um endurbætur á þakinu á Melabraut 17 sem þörf er á að fara í fyrir veturinn.

Fundi slitið kl. 19:45 og næsti fundur ákveðin 5. september kl.17.